

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðugjald í Hafnarfjarðarkaupstað.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald. Sorphirðugjald skal lagt á allar íbúðir sem virtar eru í fasteignamati. Einnig skal sorphirðugjald lagt á aukaíbúðir í húsum sem virtar eru í fasteignamati sem óskiptar eignir. Sorphirðugjaldi er ætlað að standa undir kostnaði við sorphirðu, sorpeyðingu, urðun sorps, ásamt kostnaði við rekstur endurvinnslustöðva og grenndarstöðva.

| <i>Kostnaður vegna sorphirðugjalds</i>      | <i>Gjald fyrir árið 2013</i> |
|---|------------------------------|
| Sorphirðugjald pr. íbúð                     | 24.158 kr.                   |
| Auka tunna svört pr. ígildi 240 l sorptunnu | 16.000 kr.                   |
| Auka tunna blá pr. ígildi 240 l sorptunnu   | 8.000 kr.                    |

Gjaldskrá þessi er uppfærð í janúar ár hvert m.v. hækkun byggingarvísitölu. Hægt er að óska eftir auka tunnu við hverja íbúð. Sorphirðugjaldið greiðist til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtu-kostnaðar. Sorphirðugjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga. Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni skal innheimta sorphirðugjalds-ins vera samkvæmt reikningi fyrir sannanlegum kostnaði. Þar sem sorphirða er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði. Gjaldskrá þessi, er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjaldskrá þessi var samþykkt í umhverfis- og framkvæmdaráði 28. nóvember 2012 og í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 5. desember 2012 og tekur gildi 1. janúar 2013. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1275/2011.

*Hafnarfirði, 5. desember 2012.*

**Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir** bæjarstjóri.